

147. fundur

Fundur verður haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 12. mars 2012, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð .

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Frúarstígur reitur B, deiliskipulagsbreyting og uppbygging á lóð.
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Skipavíkur ehf, að breyta reit B á skipulagi miðbæjar til samræmis við innsendar teikningar af tveggja hæða húsi með risi. Í húsinu er gert ráð fyrir tveimur íbúðum, með aðkomu frá Frúarstíg og Skólastíg, sbr. teikningar dags. 8.02 2012.
Nefndin hafnar innsendri tillögu sem er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag. Jafnframt leggur nefndin til að deiliskipulagi verði breytt á þann veg, að gert verði ráð fyrir einu húsi á lóðinni.
2. Skólastígur 22, lóðarréttindi.
Lagt fram bréf frá Kolbrúnu Garðarsdóttur hdl. f.h. Svövu Gunnarsdóttur vegna skerðingu á lóð við Skólastíg nr. 22.
Erindi vísað til byggingarfulltrúa.
3. Hafnargata 2a, breyta neðri hæð í veitingahús og staðsetja skilti.
Magnús Örn Tómasson sækir um f.h. Ocean safari að breyta neðri hæð Hafnargötu 2a úr íbúðarhúsnæði, í veitingahús og að staðsetja fánaborg og skilti við húsið, sbr. umsókn dags. 02.03.2012.
Erindi samþykkt. Staðsetning og útfærsla á fánaborg og skilti verði unnin í samráði við byggingarfulltrúa.
4. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, tilkynning um kæru.
Lagt fram bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 8.03.2012, vegna kæru frá LEX lögmannsstofu/ Dýrleifu Kristjánsdóttur f.h. Lilju G. Valdimarsdóttur, á hendur skipulags- og byggingarfulltrúa. Kærð er útgáfa vottorða vegna lokaúttekta á Borgarhlíð 1,3,5,7 og 9.
Bréf lagt fram og kynnt.
5. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 21:20.

B.V.

